

Miðvikudaginn 9. desember 1992.

Nr. 425/1992. **Guðrún Pétursdóttir**

gegn

Kaupþingi hf.

Kærumál. Þinglýsing. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember sl. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992. Kærður er úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að afmá tvö skjöl úr þinglýsingabókum Reykjavíkur. Þinglýsingarstjóri hafði 10. september sl. hafnað sömu kröfu. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og skjölin nr. A 13636/1990 (veðskuldabréf) og A 13637 (veðleyfi) verði afmáð úr þinglýsingabókum Reykjavíkur með heimild í 27. gr. laga nr. 39/1978.

Af hálfu varnaraðila hefur ekki verið sótt þing.

Málsefnið og ástæður héraðsdómara fyrir synjun kröfunnar koma fram í úrskurði hans.

Úrlausn þinglýsingarstjóra barst umboðsmanni sóknaraðila 15. september sl. Með bréfi 8. október sl. kynnti hann þinglýsingarstjóra þá ákvörðun sína að bera úrlausn hans undir héraðsdóm, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992, og óskaði þess, að sér yrðu afhent ljósrit gagna málsins og staðfest endurrit úr þinglýsingabók í samræmi við fyrirmæli laganna. Tilkynning þessi barst því þinglýsingarstjóra innan fjögurra vikna frests 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978, sbr. lög nr. 6/1992. Þinglýsingarstjóra bar síðan samkvæmt 4. mgr. sömu greinar að gefa varnaraðila kost á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum. Eftir að sóknaraðili hafði fengið í hendur gögn frá þinglýsingarstjóra, bar honum að afhenda þau héraðsdómara án tafar, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Þetta gerði umboðsmaður sóknaraðila með bréfi 3. nóvember sl. Verður að telja, að hann hafi farið að lögum, er hann bar úrlausn þinglýsingarstjóra undir héraðsdómara. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim

í hérað. Ber héraðsdómara að fá staðfestingu þinglýsingarstjóra á því, að hann hafi tilkynnt varnaraðila um þá ákvörðun sóknaraðila að bera úrlausn hans undir dóm og leggja síðan efnisúrlausn á mál þetta.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 6. nóvember 1992.

Með bréfi, sem móttekið var í héraðsdómi Reykjavíkur 4. þm., gerði Guðrún Pétursdóttir, kt. 210247-4089, Giljalandi 23, Reykjavík, kröfu um, að skjöl nr. A13636/1990 (veðskuldabréf) og A13637/1990 (veðleyfi) yrðu afmáð úr þinglýsingabókum Reykjavíkur með heimild í 27. gr. 1. nr. 39/1978. Leitað var til dómstólsins á grundvelli ákvæða 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 6/1992, þar sem þinglýsingarstjóri hafði áður hafnað þessari kröfu með úrskurði 10. september sl.

Fjögurra vikna frestur sá, sem tiltekinn er í lagaákvæðinu, að megi líða til að bera úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm, frá því að kæranda eða umboðsmanni hans barst vitneskja um hana, var liðinn, þegar bréf umboðsmanns Guðrúnar Pétursdóttur var móttekið, en honum var kunnugt um ákvörðun þinglýsingarstjóra 15. september sl., eins og fram kemur í bréfi hans, dskj. nr. 1. Þá kemur ekki heldur fram í þeim skjölum, sem fylgdu kröfunni, að þeim, er eiga hagsmuna að gæta um þinglýsinguna, hafi verið gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum.

Framangreindri kröfu er því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Guðrúnar Pétursdóttur er hafnað.